

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 103/2002**

**frá 12. júlí 2002**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 86/2002 frá 25. júní 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB frá 21. janúar 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnáráðslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum með það í huga að setja reglur um verðbréfafyrirtæki og einfaldaðar útboðslýsingar <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB frá 21. janúar 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnáráðslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum að því er varðar fjárfestingar slíkra fyrirtækja <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á IX. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 30. lið (tilskipun ráðsins 85/611/EBE):

„- **32001 L 0107:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB frá 21. janúar 2002 (Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 20),

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 52 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 40.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 20.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35.

**32001 L 0108:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB frá 21. janúar 2002 (Stjttð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).“

2. Orðunum „eins og henni var breytt með tilskipun 2001/108/EB“ skal bætt við í lok fjórða undirliðar í aðlögunarlið b) í lið 16a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB).

*2. gr.*

Texti tilskipana 2001/107/EB og 2001/108/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júlí 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.